

Reykjavík, 29. nóvember 2017

Efni: Rökstutt álit endurskoðendaráðs um áminningu samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur

Með bréfi, dags. 11. maí 2016, voruð þér boðaðir í gæðaeftirlit 2016. Óskaði endurskoðendaráð jafnframt eftir því að þér upplýstuð ráðið um þau endurskoðunarverkefni sem þér hefðuð áritað/áætlað að árita vegna reikningsársins 2015. Með tölvubréfi, dags. 30. maí 2016 var fyrra bréf ráðsins ítrekað. Með tölvubréfi, dags. 1. júní 2016, tilkynntuð þér ráðinu að þér væruð nýkominn erlendis frá og hygðust hafa samband fljótlega. Þann 20. júní barst ráðinu tölvubréf frá yður þar sem þér spurðust fyrir um hvenær áætlað væri að gæðaeftirlit færi fram og svaraði ráðið því samdægurs svo að stefnt væri að því að eftirlitið færi ekki fram síðar en í október. Með tölvubréfi, dags. 11. ágúst 2016 upplýstuð þér endurskoðendaráð um þau endurskoðunarverkefni sem þér hefðuð áritað/áætlað að árita. Í samræmi við ákvæði laga óskaði endurskoðendaráð í kjölfarið eftir því að Félag löggiltra endurskoðenda framkvæmdi eftirlitið.

Með bréfi, dags. 5. apríl 2017 var yður tilkynnt niðurstaða gæðaeftirlitsmanna sem endurskoðendaráði hafði borist í samræmi við 10. gr. reglna nr. 712/2015 um framkvæmd gæðaeftirlits. Höfðu gæðaeftirlitsmenn gert 20 athugasemdir/ábendingar við vinnu yðar og kom fram í bréfinu að niðurstöður gæðaeftirlitsins bæru með sér að endurskoðun á umræddum ársreikningi hefði ekki verið í samræmi við góða endurskoðunarvenju, lög um ársreikninga nr. 3/2006 eða lög um endurskoðendur nr. 79/2008. Kom jafnframt fram að ráðið teldi fram komnar athugasemdir alvarlegar. Vegna þeirra fjölda athugasemda og ábendinga var það mat ráðsins að til álita kæmi að beita yður viðurlögum samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga um endurskoðendur. Vegna þessa var yður veittur andmælaréttur. Með tölvubréfi, 2. maí 2017, bárust ráðinu andmæli yðar.

Með bréfi, dags. 4. maí 2017, tilkynnti ráðið yður að ráðið hefði farið yfir andmæli yðar og ekki fallist á þær röksemdir sem þar komu fram. Því væri niðurstaða endurskoðendaráðs að með störfum yðar hefðuð þér brotið gegn 9. gr. laga nr. 79/2008, sbr. ákvæði til bráðabirgða II, þar sem fram kemur að með góðri endurskoðunarvenju sé átt við að endurskoðað sé með viðurkenndum aðferðum í samræmi við leiðbeinandi reglur um endurskoðun (ISA) út gefnum að alþjóðasamtökum endurskoðenda (IFAC) sem Félag löggiltra endurskoðenda er aðili að. Taldi ráðið jafnframt að háttsemi yðar varðaði við 1. mgr. 8. gr. laganna sem kveður á um að endurskoðandi skuli rækja störf sín af kostgæfni og samvirkusemi í hvítvetna og fylgja ákvæðum laga og reglna sem um störf hans gilda.

Gerði endurskoðendaráð kröfu um að þér mynduð bæta úr þeim athugasemdum og ábendingum sem gerðar voru og til að sannreyna það ákvað ráðið að yður yrði gert að sæta endurteknu gæðaeftirliti árið 2017. Í bréfinu kom jafnframt fram að ef í síðara gæðaeftirliti yrði ekki búið

að bæta úr framangreindum annmörkum mætti þér búast við að óskað yrði eftir því við ráðherra að réttindi yðar yrðu felld niður samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur.

Með bréfi, dags. 8. maí 2017 voruð þér boðaðir í gæðaeftirlit 2017 í samræmi við ákvæði 22. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur. Var jafnframt óskað eftir upplýsingum um þau endurskoðunarverkefni sem þér hefðuð áritað/áætlað að árita vegna reikningsársins 2016. Var erindi ráðsins ítrekað 20. júní og 25. ágúst 2017. Með tölvubréfi, dags. 20. september 2017, tilkynntuð þér ráðinu ákvörðun yðar um að ætla ekki að taka þátt í gæðaeftirliti ársins 2017.

Með bréfi endurskoðendaráðs til yðar, dags. 5. október 2017, kom fram að endurskoðendaráð teldi að með háttsemi yðar hefðuð þér brotið gegn ótvíræðri skyldu endurskoðanda samkvæmt ákvæði 22. gr. laga nr. 79/2008 til að sæta gæðaeftirliti. Tekið var fram að vegna þess teldi ráðið koma til álita að beita viðurlögum á grundvelli 2. mgr. 17. gr. laga um endurskoðendur. Var yður af þeim sökum veittur andmælaréttur samkvæmt 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, áður en endurskoðendaráð tæki ákvörðun í málinu. Óskað var eftir að andmæli bærust innan þriggja vikna frá dagsetningu bréfsins.

Engin andmæli bærust endurskoðendaráði.

Skylda til að sæta gæðaeftirliti skv. lögum nr. 79/2008

Samkvæmt 15. gr. laga um endurskoðendur er það hlutverk endurskoðendaráðs að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði laganna, siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda. Ráðið skal jafnframt sjá til þess að reglulegt gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja fari fram. Með gæðaeftirlitinu hefur ráðið reglubundið eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki framfylgi lögum, siðareglum og öðrum reglum er taka til starfa endurskoðenda.

Í reglum nr. 712/2015 um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda kemur fram í 2. gr. að gæðaeftirlit feli í sér könnun á gæðakerfi endurskoðunarfyrirtækis, gæðastjórnun endurskoðenda og skoðun vinnuskjala eftir því sem við á. Gæðaeftirlitið skal fela í sér sannprófanir á að gæðakerfi, gæðastjórnun og að frágangur vinnuskjala sé í samræmi við góða endurskoðunarvenju, skv. 9. gr. laga nr. 79/2008, sbr. ákvæði til bráðabirgða II. Tilgangurinn er að leiða í ljós hvort að ákvæði laga og siðareglna kunna að hafa verið brotin. Í 7. gr. reglna nr. 712/2015 er umfangi eftirlitsins þannig lýst, sbr. og lista í viðaukum:

Við gæðaeftirlit skal kanna hvort endurskoðandi og endurskoðunarfyrirtæki hafi uppfyllt eftirfarandi ákvæði laga um endurskoðendur:

1. Ákvæði 2. - 6. mgr. 3. gr. og 4. og 5. mgr. 4. gr.
2. Að gætt sé að óhæði endurskoðanda og endurskoðunarfyrirtækis í samræmi við ákvæði VI. kafla laganna.
3. Að gætt sé ákvæða 2. mgr. 8. gr. laganna um að endurskoðendur fylgi ákvæðum siðareglna sem settar hafa verið af Félagi löggiltra endurskoðenda í samræmi við þá málsmeðferð sem kveðið er á um í lögum um endurskoðendur.

4. Að við endurskoðun sé fylgt góðri endurskoðunarvenju eins og hún kemur fram í 9. gr. laganna sbr. og ákvæði II til bráðabirgða.
5. Að endurskoðendur hafi fullnægt skilyrðum um:
 - a. starfsábyrgðartryggingu samkvæmt 6. gr. laga um endurskoðendur,
 - b. endurmenntun samkvæmt 7. gr. laga um endurskoðendur,
 - c. búsforræði samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um endurskoðendur.
6. Að endurskoðunarfyrtæki uppfylli kröfur laga um skýrslu um gagnsæi samkvæmt 29. gr. laga um endurskoðendur.

Þannig er ljóst að gæðaeftirlitið beinist að fjölmörgum ákvæðum laga nr. 79/2008 og siðareglna Félags löggiltra endurskoðenda sem staðfestar hafa verið af ráðherra.

Með gæðaeftirlitinu er leitt í ljós hvort endurskoðandi hafi í samræmi við 1. gr. laga nr. 79/2008 aflað viðeigandi gagna á óháðan og kerfisbundinn hátt og hvort hann hafi stuðst við þessi gögn til að láta í ljós rökstutt og faglegt álit endurskoðanda um áreiðanleika gagnanna og framsetningu í samræmi við lög, settar reikningsskilareglur eða önnur skilyrði sem fram koma í álitserð þeirri sem hann staðfestir með áritun sinni þess efnis.

Niðurstaða

Samkvæmt 15. gr. laga um endurskoðendur er það hlutverk endurskoðendaráðs að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði laganna, siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda. Til þess að endurskoðendaráð geti sinnt eftirlitshlutverki sínu er ráðinu fengin heimild í 2. mgr. 17. gr. laganna til þess að beita þá endurskoðendum viðurlögum sem ráðið telur sýnt að hafi í störfum sínum brotið gegn lögum um endurskoðendur svo að ekki verið við unað.

Skylda yðar sem endurskoðenda til að sæta gæðaeftirliti sem kannar fylgni við lög og reglur er gilda um störf endurskoðanda er ótvíræð og skýr samkvæmt ákvæðum 22. gr. laga nr. 79/2008, sem og sú skylda „að veita þeim sem sinnir gæðaeftirliti nauðsynlega aðstoð og aðgang að upplýsingum sem óskað er eftir við gæðaeftirlitið.“ Í siðareglum Félags löggiltra endurskoðenda er einnig vikið að skyldunni, en í grein 140.7 í siðareglunum kemur meðal annars fram að það sé fagleg skylda endurskoðanda að hlíta gæðaeftirliti aðildarsamtaka eða fagfélags og bregðast við fyrirspurn eða rannsókn af hálfu aðildarsamtaka eða eftirlitsyfirvalda.

Með því að sinna ekki þessari lagaskyldu telur endurskoðendaráð að þér hafið brotið ákvæði 22. gr. laga nr. 79/2008. Telur ráðið að þér hafið í störfum yðar brotið með svo alvarlegum hætti gegn lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur, að ekki verði við unað. Er það því niðurstaða endurskoðendaráðs að veita yður áminningu vegna brota á 22. gr. laga nr. 79/2008.